

# Fyrirkomulag kosninga til Þjóðþingsins í Austurríki

*Lýst er allflóknu, en áhugaverðu kosningakerfi sem beitt er við kosningar til Þjóðþings Austurríkis og prófað að yfirfæra það á kosningar til Alþingis Íslendinga.*

## Stjórnskipan Austurríkis

Austurríki telst ekki lengur stórt ríki. Það er með tæpar 9 milljónir íbúa eða færri en í Svíþjóð. Engu að síður er því skipað sem sambandsríki níu allsjálfstæðra fylkja eða landa eins og þau eru nefnd að þýskum sið. Öll stjórnskipan tekur mið af þessu. Meginlöggjafinn er kosinn beinni kosningu í sambandsríkinu í heild og kallast „Nationalrat“ í stjórnarskrá Austurríkis, eða „Þjóðarráð“ í beinni þýðingu, en verður hér fremur nefnt *Þjóðþing*.

Hér verður ekki rætt nánar um þessa stjórnskipan en sjónum beint að því hvernig staðið er að kosningum til Þjóðþingsins.

## Kjördæmaskipan og skipting þingsæta

Þingsæti á Þjóðþinginu eru 183 að tölu.<sup>1</sup> Þeim er í fyrstu skipt upp á milli fylkjanna í beinu hlutfalli við íbúatölu þeirra og síðan aftur innan fylkjanna á milli 39 kjördæma með sama hætti. Í kosningum 2006 voru kjördæmin fleiri eða 43, en úrslit þeirra er notuð í dæmunum þessari umfjöllun.

Uppskiptingin er endurskoðuð að loknu hverju almennu manntali og fer fram með reglu stærstu leifa að hætti *Hares*. Við kosningar árið 2006 komu 7 til 36 þingsæti í hlut hvers fylkis. Breytileikinn í þingsætatölu kjördæmanna var einnig mikill; allt frá 1 sæti til 8. Endurspeglar þetta mikinn stærðarmun á fylkjunum og ekki síður á kjördæmunum. Hluti kjördæmissætanna kemur til jöfnunar milli flokka að kosningum loknum, fyrst innan fylkjanna og síðan á sambandsvísu. Hin fyrirframgefna skipting þingsæta milli kjördæma tilgreinir einungis hámark á tölu þeirra sæta sem skipuð verða frambjóðendum af framboðslistum í kjördæmunum. Hliðstætt á við um skiptinguna milli fylkjanna. Það hvernig þingsæti skiptast endanlega í kjördæmis-, fylkis- og alríkissæti ákvarðast ræðst af kosningaúrslitum hverju sinni.

Athyglisvert er að uppskipting þingsætanna fer eftir íbúatölu, ekki kjósendatölu. Þannig má segja að börn og unglingar undir kosningaaldri hafi viss áhrif á skipan þjóðþingsins, með því að barnmörg fylki eða kjördæmi hafa meira þingvægi en hin, enda þótt munurinn sé vitaskuld lítill. Tilvísun til íbúatölu er þó ekki hárrétt. Réttara er að tala um tölu austurríska ríkisborgara.

Austurrískir ríkisborgarar búsettir erlendis hafa kosningarétt eftir vissum reglum. Teljast þeir til þeirra kjördæma sem þeir áttu síðast búsetu eins og er að íslenskum kosningalögum. Austurríkismenn utanlands hafa með sama hætti áhrif á skiptingu þingsæta þar sem þeir teljast til íbúa í viðkomandi kjördæmum þegar þingsætum er skipt.

Austurríkismenn öðlast kosningarétt við 16 ára aldur en kjörgengi 18 ára.

---

<sup>1</sup> Frásögn þessi byggir á lögum um kosningar til austurríska þjóðþingsins, *Nationalrats-Wahlordnung 1992 – NRW*, eins og þau litu út 2. febrúar 2020 nema annað sé tekið fram; sjá <https://www.ris.bka.gv.at/GeltendeFassung.wxe?Abfrage=Bundesnormen&Gesetzesnummer=10001199&FassungVom=2020-02-02>

## Framboð og kosning

Flokkar bjóða fram raðaða lista í hverju kjördæmi, auk þess raðaða fylkislista og að lokum raðaða alríkislista. Sami frambjóðandi má vera á fylkislista eins flokks og um leið á einum kjördæmislista innan þess lands. Að auki kann hann að vera á alríkislista viðkomandi flokks. Einstaklingar geta ekki boðið sig fram, aðeins samtök. Einstaklingar geta samt auðveldlega skapað um sig samtök enda þarf ekki marga meðmælendur til að unnt sé að leggja fram framboðslista.

Kjörseðlar eru aðskildir fyrir hvert kjördæmi og koma þar fram dálkar með frambjóðendum hvers flokks eða samtaka. Frambjóðendur á landslistum eða alríkislistum koma þar ekki fram.

Kjósandi velur sér flokkslista í sínu kjördæmi en getur auk þess merkt við einn frambjóðanda þessa sama flokks bæði á kjördæmis-, fylkis- og alríkislista hans.<sup>2</sup> Tvennt það síðara kallar á að kjósandinn tilgreini nafn hans sérstaklega inn, sem fæstir hirða um. Atkvæði sem þannig eru greidd einstökum frambjóðendum kallast *forgangsatkvæði* (á þýsku „Vorzugsstimmen“).

## Úthlutun þingsæta

Þingsætum er úthlutað í þremur meginskrefum. Lykilatriði í úthlutuninni eru svonefnd *sætisígildi* (á þýsku „Wahlzahl“) sem reiknaðar eru út sérstaklega fyrir hvert fylki.<sup>3</sup> Sætisígildi, sem er reiknað að hætti *Hares*, er tala gildra atkvæða í fylkinu deilt með tölu þingsæta sem fylkinu er skammtað við fyrrgreinda foruppskiptingu þingsæta. Útkomutalan er síðan námunduð upp í næstu heiltölu fyrir ofan. Þessi sætisígildi eru mjög ámóta stór í öllum fylkjum sem aftur endurspeglar hið aðstefnda jafna vægi atkvæða, óháð fylkjum og kjördæmum.

Í *fyrstu úthlutunarhrinunni* er deilt út ígildum eiginlegra kjördæmissæta. Þá er aðgætt hve oft sætisígildi viðkomandi fylkis gengur upp í atkvæðatölu flokkanna í viðkomandi kjördæmi. Þessar útkomutölur skulu nefndar *þingsætishlutir*, en þeim er ekki gefið nafn í austurrísku kosningalögnum. Sætum er síðan úthlutað sem nemur heiltölupartinum af þingsætahlutunum. Segjum t.d. að sætisígildi sé 25.000 (sem er ekki fjarri meðallagi) og að listi hafi fengið 70.000 atkvæði í einu kjördæmi fylkisins. Þá reiknast listanum þingsætishlutarinn  $70.000/25.000=2,8$  sem gefur 2 kjördæmissæti í þessu fyrsta skrefi. Listinn „borgar“ fyrir þau  $2 \times 25.000=50.000$  atkvæði. Hvort afgangurinn, 20.000 atkvæði, skilar flokknum einhverju kemur í ljós í næstu hrinum.

Frambjóðendur eru valdir af listunum í kjördæmunum í þeirri röð sem þeim er stillt upp, nema forgangsatkvæðin leiði til annars. Það gera þau ef frambjóðandi hefur fengið slík atkvæði sem nema annað hvort helmingi sætisígildisins – í tilbúna dæminu svarar það til a.m.k. 12.500 forgangsatkvæða – eða a.m.k. sjöttung þeirra atkvæða sem listinn fær í viðkomandi kjördæmi – sem í dæminu nema

### **Prefaldur frambjóðandi**

Núverandi kanslari Austurríkis („Bundeskanzler“) *Alfred Gusenbauer* og þáverandi foringi Jafnaðarmanna (SPÖ) var við kosningarnar 2006 efstur á lista flokks síns í kjördæminu *Mostviertel* í fylkinu eða landinu *Neðra-Austurríki*. Jafnframt var hann efstur á fylkislista flokksins þar. En hann var líka í framboði á alríkislista Jafnaðarmanna og auðvitað í efsta sæti.

Vitaskuld náði hann kjöri í öllum tilvikum og gat því valið um eitt af þremur þingsætum. Hann kaus að sitja á þingi fyrir kjördæmi sitt, en sat þar reyndar ekki lengi. Eftir að hann varð kanslari sagði hann af sér þingmennsku, en ráðherrar mega ekki sitja á þjóðþinginu.

Hið fjölþætta framboð Gusenbergers er dæmigert fyrir forystumenn í austurrískum stjórnámálum. Þeir tróna gjarnan í efstu sætum á þremur stöðum.

<sup>2</sup> Í kosningunum 2006 höfðu kjósendur ekki enn þann rétt að gefa frambjóðendum á alríkislistum forgang. Það kom síðar.

<sup>3</sup> Bein þýðing á þýska heitinu væri „kosningatala“. Í kosningalögnum frá 1987 er notað orðið „kjördæmistölu“ sem er hliðstæðrar merkingar.

70.000/6=11.667 forgangsatkvæðum. Þar sem seinna viðmiðið er lægra í þessu dæmi ræður það því hvort forgangsatkvæði greidd frambjóðendum flokksins hafa áhrif eða ekki.

Frambjóðendur, sem ná þessu lágmarksfylgi persónulegra atkvæða, fá forgang að þeim sætum sem listinn fær og fer fyrsta sætið til þess frambjóðanda sem flest hefur forgangsatkvæðin o.s.frv. Þau sæti sem þá kunna að vera eftir ganga til annarra frambjóðenda í þeirri röð sem þeir eru á lista flokksins. Þeirri röð geta kjósendur ekki breytt að öðru leyti. Forgangsatkvæðin við kosningar árið 2006 námu alls um 1,4 milljónum en gild atkvæði voru alls 4,7 milljónir.

Forgangsatkvæðin munu sjaldnast hafa breytt einhverju um val á þingmönnum, a.m.k. ekki í þessum kosningum.<sup>4</sup> Kjósendur virðast nota forgangsatkvæðin einkum til að lýsa sérstökum stuðningi við flokk sinn, og þá einkum hjá stóru flokkunum SPÖ og ÖVP, með því að gefa efsta manni listans forgangsatkvæði, sem breytir þá auðvitað engu um röðun þeirra. Þeir sem eru í öðrum sætum fá sjaldan forgangsatkvæði, enda gæti röð manna þá riðlast. Það vilja þessir dyggu stuðningsmenn flokkanna ekki að gerist!


Í kosningunum 2006 gekk tæpur helmingur þingsætanna út í þessari fyrstu hrinu sem kjördæmissæti, eða 84 af 183 sætum. Af þeim fimm flokkum sem komust að lokum á þing náðu aðeins hinir þrír stærstu kjördæmiskjörnum mönnum.

Í *annari hrinu* er úthlutuninni haldið áfram innan hvers fylkis og nú af fylkislistunum. Einungis þeir flokkar, sem hafa annað hvort hlotið kjördæmissæti í fyrstu hrinu eða náð 4% fylgi í Austurríki öllu, eiga þátttökurétt í úthlutun þessara jöfnunarsæta. Úthlutunin fer fram með þeim hætti að atkvæði flokkanna sem greidd eru í kjördæmum hvers fylkis eru lögð saman. Í atkvæðasummur þessar er deilt með viðkomandi sætisígildi og sætum sem svara til heiltöluhlutans, en að kjördæmissætum frádragnum, er deilt út af fylkislistunum. Í seinustu kosningum voru 69 þingmenn kjörnir af fylkislistum með þessum hætti. Ákvæðin um forgangsatkvæði taka líka til þessara fylkissæta en þau eru enn minna notuð en á kjördæmisvísu og breyttu engu í úthlutuninni 2006.

*Þriðja hrinan*, lokahnykkurinn, er ráðstöfun þeirra sæta sem enn hafa ekki gengið út, en það voru 30 sæti í kosningunum 2006. Þessi sæti koma af alríkislistunum og eru til enn frekari jöfnunar milli flokka. Samsvarandi hindrun er á hlutdeild í alríkissætunum og varðandi fylkissætin. Skipting sætanna á milli flokkanna gerist með sama hætti og hafður er um jöfnunarsætin hér á landi. Tekið er saman heildarfylgi hvers flokks á

#### Afdrif þingsæta í hrinunum þremur

Enda þótt þingsæti séu í upphafi öll eyrnamerkt einstökum kjördæmum ganga þau ekki öll út sem slík í fyrstu hrinu, þ.e.a.s. við úthlutun kjördæmissæta, heldur hríslast sum þeirra áfram og verða fyrst að fylkissætum og eftirhreyturnar að alríkisætum. Sem dæmi um þetta má rekja afdrif þingsæta í kosningunum 2006 í kjördæmi þáverandi kanslara Austurríkis, Alfreds Gusenbergers.



Sex sætum er í upphafi ráðstafað til kjördæmisins. Þrjú af þeim er ganga út í 1. hrinu sem eiginleg kjördæmissæti. Hin þrjú verða hluti þeirra 36 sæta sem eyrnamerkt eru fylki viðkomandi kjördæmis, Neðra-Austurríki. Eftir aðra hrinu er búið að úthluta 20 sætum af fylkislistum en afgangurinn, 16 sæti, verður hluti sætanna 30 sem er úthlutað af alríkislistum.

Allur gangur er á því í hvaða hrinu þingsætin ganga út. Í fylkinu Tíról gengu fá sæti út í 1. hrinu, t.d. ekkert í kjördæminu Innsbruck. Orsökina er bæði fámenni fylkisins (sem er þó ríflega tvöfalt fjölmennara en Ísland) en líka mikil dreifing atkvæða á flokka.

<sup>4</sup> Þessi niðurstaða er byggð á athugun höfundar á kosningatölum. Ekki hefur tekist að finna beina heimild fyrir fullyrðingunni í þeim kosningaskýrslum sem Austurríska innanríkisráðuneytið birtir. Þar, eins og í sumum öðrum löndum, eru upplýsingar um breytingar kjósenda á framboðslistum mjög skornar við nögl!

ríkinu öllu svo og þau þingsæti sem þeir hafa fengið í hinum tveim fyrri hrinum (kjördæmis- og fylkissætin). Úthlutun sæta til flokkanna er haldið áfram með aðferð d'Hondts. Sæti koma af alríkislistum sem flokkarnir hafa þegar stillt upp en í kosningunum 2006 gátu kjósendur ekki haft áhrif á val af þessum alríkislistum. Lagaheimild til að greiða líka forgangskvæði á því stigi kom síðar.

Enda þótt regla stærstu leifa komi við sögu við úthlutun kjördæmis- og fylkisþingsætanna (fyrir tilstuðlan sætisgildanna) er henni í raun ekki beitt þar sem leifarnar, atkvæðastubbar sem ekki ná fullu sætisgildi, leiða ekki með beinum hætti til úthlutunar þingsæta. Hið endanlega uppgjör milli flokkanna fer fram með beitingu d'Hondts-reglu á alríkisvísu, eins og fyrr segir. Sú regla er því grundvöllur þeirra hlutfallskosninga sem er leiðarljós fyrirkomulagsins í Austurríki – allt eins og á Íslandi.

Það mun vart geta gerst, og gerðist alla vega ekki við kosningarnar 2006, að flokkur nái að sanka að sér kjördæmis- eða fylkissætum án þess að eiga fyrir þeim öllum á alríkisvísu. Hér skiptir máli að þingsætin skipast því sem næst hlutfallslega rétt á milli fylkja og kjördæma. Þegar upp er staðið nær austurríska kerfið því að úthlutun þingsæta er í hæsta máta hlutfallslega nákvæm, sé horft fram hjá fyrrgreindum þröskuldi sem smáflokkar (með minna en 4% fylgi) komast ekki yfir og þeirri bjögun sem d'Hondts-regla veldur. Sem kunnugt er leiðir reglan til þess að stærstu flokkarnir fá einatt rétt ríflega sinn skerf á kostnað þeirra fylgisminnstu.<sup>5</sup>

Vilji flokkur gulltryggja manni þingsæti er hann settur efst eða ofarlega á allar þrjár tegundir lista: Kjördæmislista, fylkislista og alríkislista.<sup>6</sup> Á hinn bóginn virðist það vera notað af flokkunum sem virðingarvottur en líka í áróðursskyni að setja forvígismennina efst á kjördæmis-, fylkis- og alríkislista. Sé sami maður valinn ýmist sem kjördæmiskjörinn, af fylkislista eða alríkislista má hann velja hvert þessara sæta hann þiggur. Þetta hlýtur að setja flokkana í undarlega stöðu þar sem valið stendur í raun um hvaða varamaður hins fjölkjörna tekur sæti á þingi.

Niðurstaðan um úthlutun sæta til austurríska þjóðþingsins eftir kosningarnar 2006 er sýnd í 1. töflu.

#### Forgangskvæði foringja

Aftur má taka kanslarann Gusenberger sem dæmi um það hvernig kjósendur hylla foringja með því að greiða þeim forgangskvæði frekar en að nota þau til að róta til á framboðslistunum. Í eftirfarandi töflu koma fram atkvæði flokks Gusenberger, SPÖ, svo og persónuleg forgangskvæði hans sjálfs í kosningunum 2006:

Atkvæði	SPÖ	Gusen- berger	Hlutfall
Kjördæmið Mostviertel	52.183	10.407	19,9%
Fylkið Neðra-Austurríki	363.379	2.201	0,6%

Hér, eins og hjá öðrum flokkum, nota kjósendur forgangskvæðin fyrst og fremst til að hampa frambjóðendum í kjördæmum og í minna mæli á fylkislistum. (Minnt skal á þessum tíma var ekki hægt að greiða frambjóðendum á alríkislistum forgangskvæði. Ella hefði Gusenberger efalaust bætt við sig blómum á því stigi. Það gerði kanslaraefnið Sebastian Kurz í kosningnum 2019, en hann fékk 75.699 forgangskvæði í allt.)

<sup>5</sup> Í kosningunum 2006 var þessi „bjögun“ vegna beitingar d'Hondts-reglu óveruleg: Jafnaðarmenn (SPÖ) fengu eitt viðbótarsæti á kostnað sprengiframboðsins BZÖ, sé miðað við þá úthlutun sem fengist með öðrum hlutlausari aðferðum: Reglu stærstu leifa eða Sainte-Laguë.

<sup>6</sup> Að „gulltryggja“ er auðvitað fullmikið sagt, sérstaklega ef flokkurinn nær nú engum sætum!

	ÖVP	SPÖ	FPÖ	GRÜNE	BZÖ	Samtölur
	Þjóðar- flokkur	Jafnaðar- menn	Frelsis- flokkurinn	Græn- ingjar	Klofningur úr FPÖ	Þing- flokkanna
<b>Atkvæði</b>	1.616.493	1.663.986	519.598	520.130	193.539	4.513.746
<b>Þingsæti</b>						
1. hrina, kjördæmissæti	36	44	2	2	0	84
2. hrina, fylkissæti	23	17	12	14	3	69
3. hrina, alríkissæti	7	7	7	5	4	30
Samtals	66	68	21	21	7	183

1. tafla: Úthlutun Þjóðþingsæta í Austurríki 2006.<sup>7</sup>

Eins og víðar gætir pólitískrar þreytu meðal almennings í Austurríki og vanþóknun á flokkunum. Sumir telja það bót meina að auka persónuval og taka í því skyni upp meirihlutakosningar með einhverjum hætti. Hafa þeir myndað hreyfingu þar um, „Initiative Mehrheitswahlrecht“. Markmið þessarar hreyfingar er ekki síður að stuðla að því að unnt sé að mynda einsflokksstjórnir í Austurríki eins og í engilsaxneskum löndum. Ekki virðist þó keppt að einmenningskjördæmum, heldur er talað um að breyta því einu að við alríkisuppgjörið fái sá flokkur sem flest fær atkvæðin skilyrðislaust hreinan meirihluta á þingi. Svipað fyrirkomulag var lögfest á Ítalíu í lok fyrri stjórnartíðar *Berlusconi*, nokkuð sem átti efalaust að tryggja honum og hans mönnum meirihlutann áfram. En hann féll á eigin bragði og ólívusamsteypa *Prodis* komst að vegna þessa ákvæðis. En svo missti hún meirihlutann og fyrir tilstuðlan hins sama *Berlusconi* var aftur horfið til fyrra horfs, og nú með tilætluðum árangri.

#### Stjórnsýsla kosninga

Lög um kosningar til Þjóðþingsins í Austurríki eru allitarleg. Kveða þau m.a. á um framkvæmd kosninga, sem er í höndum kjörstjórna og skiptir þar alríkiskjörstjórnin lykilmáli. Hún virðist vera leiðandi í allri framkvæmdinni og hafa yfirumsjón með störfum fylkiskjörstjórna og undirkjörstjórna. Fylkiskjörstjórnir úthluta kjördæmis- og fylkissætum, en með vissu inngripi alríkiskjörstjórnarinnar (sem er nauðsynlegt vegna ákvæðisins um þröskulda). Alríkiskjörstjórnin úthlutar sætum af alríkislistum.

Kjörstjórnir eru að hluta til skipaðar æðstu ráðamönnum, svo sem borgarstjórum og fylkisstjórum. Innanríkisráðherrann er formaður alríkiskjörstjórnarinnar og skipar hann tvo starfandi eða fyrrverandi dómara með sér í kjörstjórnina. Að auki er alríkiskjörstjórnin skipuð sautján mönnum sem eru kosnir af Þjóðþinginu, en með óbeinum hætti.

Skýrslugerð um kosningar er heldur tætingsleg og ekki notendavæn en hún er helst á vegum innanríkisráðuneytisins að fengnum gögnum frá alríkiskjörstjórninni.<sup>8</sup> Hvert fylki er auk þess með kosningavefsíður, ekki aðeins vegna fylkiskosninga heldur líka um hlut fylkisins í þjóðþingskosningum.

Austurríkismenn hafa stjórnlagadómstól, „Verfassungsgerichthof“, rétt eins og Þjóðverjar. Hann hefur síðasta orðið um gildi kosninga. Ekki hefur verið kannað hvernig staðið er að kærumálum þar að lútandi.

<sup>7</sup> Röð flokkanna byggir á fylgi þeirra í kosningum næst á undan.

<sup>8</sup> Höfundur hefur beinlínis rekið sig á villur í skýrslum ráðuneytisins, auk slægs prófarkalesturs. En mistök geta orðið á bestu bæjum!

### Hvernig kæmi austurríska kosningakerfið út á Íslandi?

Fróðlegt er að huga að því hvernig hið austurríska kosningakerfi gæti komið út á Íslandi og fjalla þá um leið um kosti kerfisins og galla. Ísland er ekki fylkjaskipt og því er nærtækast að hugsa sér útfærsluna eins og í einu austurrísku fylki. Reyndar má líka líkja okkar kjördæmum við austurrísk fylki og láta alríkislista svara til landslista. Útfærslan yrði nánast sú sama.

Skipting landsins í kjördæmi gæti áfram verið eins og hún er nú og verður út frá því gengið. Skipting þingsæta á milli kjördæmanna breyttist þó verulega ef farið væri að leikreglum þeirra í Austurríki. Í 2. töflu er sýnt hvernig þingsætin skiptust á milli kjördæma í seinustu kosningum að íslenskum lögum annars vegar og hins vegar með svipuðum hætti og í Austurríki. Þar sem tala íslenskra ríkisborgara eftir kjördæmum liggur ekki á lausu er ekki alfarið unnt að sýna aðferð Austurríkismanna við skiptingu sætanna á milli kjördæma, en notast er við tölu kjósenda í staðinn sem ætti að vera dágóð nálgun.

	Skipting þingsæta				
	Tala kjósenda	að íslenskum kosningalögum		og í hlutfalli við tölu kjósenda	
		Kjörsæti	Kjósendur að baki hverju þeirra	Hámarks- tala þingsæta	Kjósendur að baki hverju þeirra
<b>Kjördæmi</b>					
Norðvestur	21.126	9	2.347	6	3.521
Norðaustur	27.888	10	2.789	8	3.486
Suður	30.597	10	3.060	9	3.400
Suðvestur	54.584	12	4.549	16	3.412
Reykjavík suður	43.775	11	3.980	12	3.648
Reykjavík norður	43.398	11	3.945	12	3.617

2. tafla: Skipting þingsæta 2007 á Íslandi að austurrískum hætti.

Hér væri vissulega um verulega tilfærslu þingsæta að ræða frá því sem íslensk kosningalög mæla fyrir um, en þá verður að hafa í huga að hugtakið „kjördæmi“ hefur í reynd aðra og veikari merkingu í Austurríki en hjá okkur. Í austurríska fyrirkomulaginu er skipting þingsæta á kjördæmi næsta merkingarlaus og hefur vart önnur áhrif en vera leiðbeinandi um fjölda framboðenda á framboðslistum í kjördæmunum. Hve margir teljast síðan kjörnir af þessum framboðslistum ræðst síðan alfarið af úrslitunum, af þingsætahlutum listanna, eins og þegar hefur komið fram. Þetta skýrist enn frekar hér á eftir.

Til fróðleiks og skemmtunar er þingsætum á Alþingi úthlutað eftir þessum austurrísku leikreglum samkvæmt úrslitunum í Alþingiskosningunum 2007. Þetta er sýnt í 3. og 4. töflu. Sú fyrri byggir á hlutfallslega jafnri skiptingu sæta á milli kjördæma að hætti Austurríkismanna, þ.e.a.s. þeirri skiptingu sem fram kemur í næst-síðasta dálki 2. töflu. Hin taflan, sú 4., byggir aftur á móti á þeirri skiptingu þingsæta sem íslensk kosningalög kveða á um, sbr. dálkinn í miðju 2. töflu. Segja má að í 3. töflu sé Íslandi líkt við fylki í Austurríki sem skipt er upp í kjördæmi með sama hætti og þar. Því kemur hliðstæða „sætisígildi“ þeirra Austurríkismanna við sögu sem ein tala og er ígildinu beitt í öllum kjördæmum við úthlutun í 1. hrinu.

<b>Atkvæði lista</b>	<b>B</b>	<b>D</b>	<b>F</b>	<b>I</b>	<b>S</b>	<b>V</b>	<b>Gild atkvæði</b>	<b>Hámark á tölu sæta</b>
<b>Kjördæmi</b>								
Norðvestur	3.362	5.199	2.432	255	3.793	2.855	17.896	6
Norðaustur	5.726	6.522	1.378	278	4.840	4.558	23.302	8
Suður	4.745	9.120	1.771	435	6.783	2.498	25.352	9
Suðvestur	3.250	19.307	3.051	1.599	12.845	5.232	45.284	16
Reykjavík suður	2.081	13.846	2.385	1.680	10.234	5.065	35.291	12
Reykjavík norður	2.186	12.760	2.216	1.706	10.248	5.928	35.044	12
Samtals	21.350	66.754	13.233	5.953	48.743	26.136	182.169	63
<b>Landstala</b>							2.892	
<b>Þingsætahlutir</b>								
Norðvestur	1,16	1,80	0,84	0,09	1,31	0,99	6,19	
Norðaustur	1,98	2,26	0,48	0,10	1,67	1,58	8,06	
Suður	1,64	3,15	0,61	0,15	2,35	0,86	8,77	
Suðvestur	1,12	6,68	1,05	0,55	4,44	1,81	15,66	
Reykjavík suður	0,72	4,79	0,82	0,58	3,54	1,75	12,20	
Reykjavík norður	0,76	4,41	0,77	0,59	3,54	2,05	12,12	
Samtals	7,38	23,08	4,58	2,06	16,85	9,04	62,99	
<b>Kjördæmissæti</b>								
Norðvestur	1	1			1		3	50%
Norðaustur	1	2			1	1	5	63%
Suður	1	3			2		6	67%
Suðvestur	1	6	1		4	1	13	81%
Reykjavík suður		4			3	1	8	67%
Reykjavík norður		4			3	2	9	75%
Samtals	4	20	1		14	5	44	70%
<b>Þingsæti alls</b>								
Kjördæmissæti	4	20	1		14	5	44	70%
Landslistasæti	3	5	3		4	4	19	30%
Samtals	7	25	4		18	9	63	

3. tafla: Úthlutun þingsæta 2007 á Íslandi að austurrískum hætti.

Í 4. töflu er samlíking fremur sú að hvert íslenskt kjördæmi sé að vísu hliðstæða austurríks kjördæmis en landslistasætin eins og alríkissætin þar. Afleiðingin er þá sú að sætisígildið, „atkvæðaverðið“ fyrir hvert sæti er breytilegt eftir kjördæmum, rétt eins og í fylkjunum austurrísku. Í 4. töflu er þó eitt meginfrávik frá austurrísku fyrirmyndinni og hún er sú að skipting þingsætanna á kjördæmin, eða réttara sagt hámarkið á tölu sæta í hverju kjördæmi, er látin fara að íslenskum kosningalögum, en þeim ekki skipt með hlutfallslega jöfnum hætti eins og í 3. töflu.

Íslandshreyfingin, I-listinn, fær ekki aðgang að útdeilingu landslistasæta í þessum dæmum og gildir þá einu hvort þröskuldur í þeim efnum er með íslenskum eða austurrískum hætti.

Atkvæði lista	B	D	F	I	S	V	Gild atkvæði	Hámark á tölu sæta
<b>Kjördæmi</b>								
Norðvestur	3.362	5.199	2.432	255	3.793	2.855	17.896	9
Norðaustur	5.726	6.522	1.378	278	4.840	4.558	23.302	10
Suður	4.745	9.120	1.771	435	6.783	2.498	25.352	10
Suðvestur	3.250	19.307	3.051	1.599	12.845	5.232	45.284	12
Reykjavík su	2.081	13.846	2.385	1.680	10.234	5.065	35.291	11
Reykjavík no	2.186	12.760	2.216	1.706	10.248	5.928	35.044	11
Samtals	21.350	66.754	13.233	5.953	48.743	26.136	182.169	63
<b>Þingsætahlutir</b>								
Þingsætahlutir	B	D	F	I	S	V	Alls	Sætisgildi
Norðvestur	1,69	2,61	1,22	0,13	1,91	1,44	9,00	1.989
Norðaustur	2,46	2,80	0,59	0,12	2,08	1,96	10,00	2.331
Suður	1,87	3,60	0,70	0,17	2,67	0,99	10,00	2.536
Suðvestur	0,86	5,12	0,81	0,42	3,40	1,39	12,00	3.774
Reykjavík su	0,65	4,31	0,74	0,52	3,19	1,58	11,00	3.209
Reykjavík no	0,69	4,01	0,70	0,54	3,22	1,86	11,00	3.186
Samtals	8,21	22,44	4,76	1,90	16,47	9,20	62,99	2.892
<b>Kjördæmisæti</b>								
Kjördæmisæti	B	D	F	I	S	V	Alls	Hlutfall af hámarki
Norðvestur	1	2	1		1	1	6	67%
Norðaustur	2	2			2	1	7	70%
Suður	1	3			2		6	60%
Suðvestur		5			3	1	9	75%
Reykjavík su		4			3	1	8	73%
Reykjavík no		4			3	1	8	73%
Samtals	4	20	1		14	5	44	70%
<b>Þingsæti</b>								
Þingsæti alls	B	D	F	I	S	V	Alls	Hlutf. skipting
Kjördæmiss	4	20	1		14	5	44	70%
Landslistas	3	5	3		4	4	19	30%
Samtals	7	25	4		18	9	63	

4. tafla: Úthlutun þingsæta 2007 á Íslandi að austurrískum hætti en þó misskiptu atkvæðavægi að íslenskum sið.

Sæti til jöfnunar, landslistasætin, reynast mörg; eru alls 19 í báðum gerðum útreikninganna. Það er reyndar tilviljun að talan er sú sama. En líklegt verður að teljast að landslistasætin yrðu um þriðjungur heildarsæta að því gefnu að tala þingflokka verði á sama róli og verið hefur um langt árabil.<sup>9</sup>

<sup>9</sup> Halldór I. Elíasson prófessor reifaði á móta aðferðafræði og hér er kynnt í þeirri miklu umræðu sem fór fram um kosningamál og kjördæmaskipan veturinn 1982-83; sjá grein í Morgunblaðinu 22. desember 1982. En hann gekk lengra en hér er gert að austurrískri fyrirmynd varðandi jöfnunarsætin. Þingmenn í sætin í 2. hrunu, jöfnunarsætin, eru ekki sóttir til sérstakra landslista heldur til kjördæmislistanna allt eins og venjan hefur verið héraendis í nær hálfu öld. Athyglisvert er að útreikningar Halldórs, sem byggðir eru á úrslitum kosninganna 1979, sýna að 43 af 60 þingsætum ganga út sem kjördæmissæti í 1. hrunu. Er það nánast sama hlutfall og fram kemur í 3. og 4. töflu.



## Niðurstaða

Meginatriðin í hinu austurríska kosningakerfi, ef það væri yfirfært á íslenskan veruleika, eru eftirfarandi að mati höfundar þessarar greinargerðar:

1. Halda mætti núverandi kjördæmaskipan eða taka upp nýja. Kerfið sem slíkt kallar ekki á jöfnun atkvæðavægis en óneitanlega yrði yfirfærslan auðveldari og eðlilegri ef svo væri.
2. Þingsæti eru ekki einskorðuð við kjördæmi eins og hefur verið í íslenskum kosningalögum lengst af. Í þess stað er hluti þingmanna sóttur til landslista flokkanna. Skilin milli kjördæmissæta og landslistasæta eru þó fljótandi; breytileg eftir úrslitum kosninga hverju sinni. Á vissan hátt getur þetta auðveldað jöfnun atkvæðavægis, þar sem kjördæmunum er gefin von um talsvert fleiri sæti en þau fá að jafnaði í reynd.
3. Um þriðjungur þingsæta koma til jöfnunar á milli flokkanna. Það eru landslistasætin. Í útreikningunum í 3. og 4. töflu er það látið liggja á milli hluta hvernig skipað er á landslistana. Í Austurríki er flokkunum gefið eindæmi um það. Landslistar voru heimilaðir hér á landi frá 1934 og fram að kjördæmabreytingunni árið 1959. Flokkunum var leyft, en þó ekki fyrirskipað, að bjóða fram landslista en þeir urðu að raða á þá af framboðslistum í kjördæmunum, en ekki með sjálfstæðum hætti eins og í Austurríki. Það er meginvandinn í kosningakerfum sem binda öll þingsæti við kjördæmi (eins og tíðkast m.a. á Norðurlöndum) hvernig eigi að ráðstafa jöfnunarsætunum til kjördæmislistanna svo vel sé. Óháðir landslistar leysa þennan vanda með því að velta honum yfir á flokkana að austurrískum hætti. Þá er það uppröðunin á framboðnum landslistum sem ræður ferðinni, ekki reglur í kosningalögum.
4. Persónuvalið sem felst í forgangsatkvæðum í Austurríki er meir í orði en borði, þar sem lágmörk þau sem sett eru til þess að þau skipti máli eru há. Í Svíþjóð er ámóta fyrirkomulag en með mun lægri lágmörkum. Í Finnlandi er gengið enn lengra en segja má að þar séu öll atkvæði forgangsatkvæði, þar sem kjósendur merkja við einn framboðanda en ekki við flokka.

*Vínarborg í júlí 2008 (endurskoðað í München í febrúar 2020), Þorkell Helgason*